

# STJÓRNARTÍÐINDI B 47 – 1989

---

28. júní 1989

585

Nr. 318

## REGLUGERÐ

### um bann við netaveiðum fiskiskipa 1. júlí – 15. ágúst 1989.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. júlí 1989 til og með 15. ágúst 1989 eru allar þorskfisknetaveiðar bannaðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 28. júní 1989.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Arndís Steinþórsdóttir.*

27. júní 1989

Nr. 319

## REGLUGERÐ

### um innheimtu á vangoldnum söluskatti.

1. gr.

Við innheimtu á söluskatti skulu allir gjaldendur sem eins stendur á um við innheimtu, vanskil og nauðungaraðgerðir, hljóta sams konar meðferð.

2. gr.

Áfrýjun skattaákvörðunar eða deila um skattskyldu frestar ekki eindaga söluskattsins né leysir undan neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu hans, en ef skattur er lækkaður eftir úrskurði eða dómi, skal þegar endurgreiða það, sem lækkuninni nemur.

Innheimtumaður skal hefja innheimtuaðgerðir sínar til að tryggja sem best söluskattskröfu ríkissjóðs í síðasta lagi 30 dögum eftir að skattstjóri, eftir atvikum ríkisskattstjóri, hefur ákvarðað söluskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils eða endurákvæðað gjaldanda sölu-skatt vegna fyrri tímabils.

B 43

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg